

**Ed.**

## **14. Tillaga til þingsályktunar**

um verðlag á mjólk.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að hlutast til um, að verð á neyzlumjólk í Reykjavík og Hafnarfirði verði aftur lækkað niður í sama verð og mjólkinn var seld fyrir áður en hún hækkaði í verði 13. febr. þ. á.
2. Að láta fara fram rannsókn á því, hvornig tiltækilegt myndi að lækka framleiðslukostnað mjólkur í umhverfi og nærsveitum Reykjavíkur, og hvaða tegund framleiðslu hentar best á þessu svæði.
3. Að láta fara fram athugun á því, hvaða leiðir myndu heppilegastar til að auka mjólkurneyzlu í Reykjavík.

### **Greinargerð.**

Þegar sú breyting var gerð á mjólkurlögunum á síðasta þingi, að sama verð skyldi greiða fyrir alla mjólk á sama verðjöfnunarsvæði, var því haldið fram, að þessi breyting myndi engin áhrif hafa á útsöluverð mjólkurinnar, og má telja víst, að hin nýju lög hafi aðeins verið samþykkt í trausti þess. — Það verður því að teljast skylda ríkisstjórnarinnar að hlutast til um, að mjólkurverðið verði aftur lækkað.

Ástæðan fyrir verðhækkun mjólkurinnar eru kröfur frá bændum í Gullbringu- og Kjósarsýslu. — Það er nú fullvíst, að framleiðslukostnaður mjólkurinnar á aðalframleiðslusvæðinu austanfjalls er ekki meiri en svo, að ef þeir bændur, sem þar búa, hefðu aðstæður til að keppa um markaðinn í Reykjavík, gæti útsöluverð mjólkurinnar enn lækkað að mun. — Það verður að teljast óviðunandi ástand, að hæsti framleiðslukostnaður sé látinn ráða útsöluverði mjólkurinnar. — Það verður því að álitast óhjákvæmilegt, að ekkert sé til sparað að finna leiðir til að kippa þessu í lag. Að öðrum kosti gæti hið háa mjólkurverð orðið til hins mesta tjóns fyrir bændur, vegna minnkandi neyzlu.